

**Nr. 22-005 S 004 Grímsi****Starfsmaður slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 3005  
Smíðaður: Kína, 2021, ál.  
Útgerð: Arnarlax hf  
Stærð: 45,11 BT  
Mesta lengd: 13,97 m Skráð lengd: 13,91 m  
Breidd: 7,52 m Dýpt: 2,5 m  
Vél: Scania, 567 kW, árg.: 2020.  
Fjöldi skipverja: 3  
Fjöldi 3  
starfsmanna:



Grímsi@Janus Traustason

**Gögn:**  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. október af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, og Hirti Emilssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 18. janúar 2022 var vinnuskipið Grímsi á siglingu á Patreksfirði. Veður: S 9-10 m/s

Starfsmaður fyrirtækisins, sem gerði út bátinn, var um borð í honum til að gera úttekt á áhættumati á bátinum og búnaði sem tilheyrði fiskeldiskvíum. Þegar starfsmaðurinn var á leið niður stiga úr stýrishúsi bátsins greip hann í skálkubúnað innan á hurð stýrishússins með þeim afleiðingum að hann féll niður og klemmdi litla finger hægri handar. Siglt var með slasaða í land.

**Við rannsókn kom eftirfarandi fram:**

- Hurðin var opin, fest upp á krók og skálkubúnaðurinn opin (var uppi).
- Slasaði greip í skálkuna eins og mynd sýnir og við það féll hún niður og klippti fingurinn.
- Gerðar voru breytingar til bráðabirgðar á skálkubúnaðinum strax eftir slysið þannig að læsingin gat ekki haldist opin (uppi) þegar dyrnar voru opnar. Unnið var að því að finna lausn á því að klæða yfir skálkubúnaðinn innan á hurðinni.



Myndin sýnir hvernig slasaði hélt um skálkubúnaðinn

*Nefndarálit:*

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til sérstakrar rannsóknar.